

Reykjavík, 24.apríl 2024

Efni: Umsögn um komandi frumvarp til hækkunar hámarksgreiðslna úr Fæðingarorlofssjóði sem hluti af aðgerðarpakkanum „Vaxandi velsæld“

Vegna undirritunar langtímasamnings Starfsgreinasambandsins, Eflingar og Samiðnar við Samtök atvinnulífsins þann 7. mars síðastliðinn, var í kjölfarið kynntur aðgerðapakki stjórnvalda sem ber heitið „Vaxandi velsæld“ og er honum ætlað að styðja við kjarasamninga næstu fjögurra ára. Markmið þessa aðgerðarpakka er, eins og heiti hans gefur til kynna, vaxandi velsæld með auknum kaupmætti og stuðla að lækkun verðbólgu og vaxta. Í aðgerðunum er lögð sérstök áhersla á fjölskylduvænna samfélag og þeim er því m.a. ætlað að auka ráðstöfunartekjur fjölskyldna verulega á samningstímanum.

Umsögn þessi snýr að kaflanum um hækkun fæðingarorlofsgreiðslna, en eftirfarandi texti er frá Stjórnarráði Íslands:

„Til að treysta jðrhagslegt öryggi ungbarna jðlskyldna og stuðla að því að markmið fæðingarorlofskeifisins um samvistir barna við báða foreldra og samræmingu jðlskyldu- og atvinnulífs ná fram að ganga verða hámarksgreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði hækkadar í þremur íföngum á næstu tveimur árum. Þann 1. apríl 2024 úr 600.000 þúsund krónum á mánuði í 700.000 kr., frá og með 1. janúar 2025 í 800.000 kr. og frá og með 1. janúar 2026 í 900.000 kr.“

Samkvæmt þessu kemur fyrsta hækkun hámarksgreiðslna til strax þann 1. apríl 2024 en þegar þetta er ritað er sú dagsetning liðin sem nemur tuttugu og fjórum dögum.

Með undirskriftalista sem settur var af stað þann 5.apríl viljum við þrýsta á stjórnvöld að haga frumvarpi á þann hátt að hækkun hámarksgreiðslna miðist við 1. apríl sl. og gilda fyrir **alla þá sem þiggja greiðslur úr sjóðnum** frá og með þeirri dagsetningu. Það verður að teljast stórkostleg mismunun að miða hækkunina við fæðingardag barns enda búa allar þær fjölskyldur, sem þiggja greiðslur úr sjóðnum, við sama efnahagsástand landsins, sömu verðbólgu og sömu óboðlegu vaxtakjör. Kaupmáttur þeirra breytist ekki hvort sem barn er fætt þann 31. mars 2024 eða 1. apríl sama ár. Þess má þar að auki geta að fyrrnefndir kjarasamningar runnu út þann 31. janúar 2024 og væri það því gríðarleg vanvirðing við þær fjölskyldur sem eignuðust barn á tímabilinu 31. janúar til 31. mars að veita þeim ekki vaxandi velsæld með auknum ráðstöfunartekjum. Ennfremur ætti hið sama að gilda fyrir komandi hækkunir þann 1.janúar 2025 og 1.janúar 2026.

Hefð hefur skapast fyrir því að miða við fæðingardag barns við hækkun hámarks- /lágmarksgreiðslna eða lengingu fæðingarorlofs. Þessu viljum við breyta til frambúðar. Við teljum að allar breytingar sem verða á fæðingarorlofi, hvort sem um upphæðir eða tíma sé að ræða, eigi réttilega að taka gildi fyrir alla þá foreldra sem enn þiggja greiðslur úr sjóðnum á þeirri dagsetningu sem um ræðir. Þegar notast er við fæðingardag getur það m.a. skapað streitu hjá barnshafandi konu sem vonast eftir því að falla “réttu megin” við línuna. Keisaraskurðir og gangsetningar eru jafnvel frekar bókaðar eftir umrædda dagsetningu sem setur óþarfa álag á

heilbrigðiskerfið á ákveðnum tíma. Slíkt gerðist t.a.m. um áramótin 2020/2021 þegar fæðingarorlof var lengt úr 10 mánuðum í 12 mánuði.

Þegar kona nálgast lokametra sinnar meðgöngu er mikilvægt að hún upplifi sig örugga, að hún sé ekki undir álagi, að hún hvílist og safni kröftum fyrir eitt stærsta verkefni sem hún mun takast á við á sinni lífsleið. Hún á ekki að þurfa að hafa áhyggjur af því að barnið fæðist á “rétttri dagsetningu” vegna þess eins að stjórnvöld settu upp vanhugsaðar skorður í tilraun að bætingu lífskjara fyrir foreldra sem bjóða nýjan einstakling velkominn í fjölskylduna. Þetta eru allt saman þættir sem haft geta áhrif á útkomu og velgengni fæðingarinnar, fjölda inngripa og þ.a.l. öryggi barns og móður. Vinnum að því að skapa fjölskylduvænt samfélag - til þess þarf oft ekki mikið.

I. KAFLI

Frumvarpið um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 144/2020 sem kynnt var á Alþingi þann 11.apríl er svo hljóðandi:

„Þrátt fyrir 1. mgr. 24. gr. skal mánaðarleg greiðsla Fæðingarorlofsjóðs til foreldris í fæðingarorlofi aldrei nema hærri járhæð en 700.000 kr. vegna barna sem fæðast, eru frumættleidd eða tekin í varanlegt fóstur frá og með 1. apríl 2024 til og með 31. desember 2024.“

Hér mætti taka út eftirfarandi texta: „...vegna barna sem fæðast, eru frumættleidd eða tekin í varanleg fóstur.“. Einnig er óþarfi að taka fram endadagsetningu, því hún gefur til kynna að hámarksgræiðslur muni breytast eftir 31.desember 2024. Áætlað er að greiðslur hækki úr 700.000 kr. í 800.000 kr. þau áramót. Verði engin breyting gerð áramótin 2024/2025 munu greiðslur þá fara aftur niður í 600.000kr?

Þannig gæti lagabreytingin orðið eftirfarandi: „Þrátt fyrir 1. mgr. 24. gr. skal mánaðarleg greiðsla Fæðingarorlofsjóðs til foreldris í fæðingarorlofi aldrei nema hærri járhæð en 700.000 kr. frá og með 1. apríl.“

II. KAFLI

Frumvarpið um breytingu á lögum um sorgarleyfi, nr. 77/2022 sem kynnt var á Alþingi þann 11.apríl er svo hljóðandi:

„Þrátt fyrir 1. mgr. 16. gr. skal mánaðarleg greiðsla til foreldris í sorgarleyfi aldrei nema hærri járhæð en 700.000 kr. vegna barnsmíssis, andvanafæðingar eða fósturláts frá og með 1. apríl 2024 til og með 31. desember 2024.“

Hér mætti sömuleiðis taka út eftirfarandi texta: „...vegna barnsmíssis, andvanafæðingar eða fósturláts.“. Eins og fram kemur hér að ofan, þykir óþarfi að skilgreina endadagsetningu.

Þannig gæti lagabreytingin orðið eftirfarandi: „Þrátt fyrir 1. mgr. 16. gr. skal mánaðarleg greiðsla til foreldris í sorgarleyfi aldrei nema hærri járhæð en 700.000 kr. frá og með 1. apríl 2024.“

Í frumvarpinu kemur fram að mikilvægt sé að mánaðarlegar hámarksgreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði haldi í við launabróun í landinu þannig að foreldrar sjái hag í að fullnýta fæðingarorlofsréttinn. Við tökum sannarlega undir þetta og bendum á að það er löngu orðið tímabært að vísitölutengja lágmarks- og hámarksgreiðslur til þess að greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði séu í samræmi við efnahagsástand landsins hverju sinni.

Þegar undirskriftarsöfnunin fór af stað höfðu yfir 3000 manns skrifað undir málstaðinn á aðeins tveimur dögum. Það hlýtur að hvetja stjórnvöld til umhugsunar.


Sjáum til þess að hækkun hámarksgreiðslna nái til allra þeirra foreldra sem þiggja greiðslur úr sjóðnum frá og með 1. apríl 2024!

Mismunum ekki fjölskyldum út frá fæðingardegi barns!


Að því sögðu erum við reiðubúnar til samráðs og samtals um áframhald og framgang aðgerðanna sem og um þau atriði sem koma fram í umsögn þessari og óskum hér með eftir því að vera boðaðar á fund nefndarinnar.

Virðingarfyllst,


Fyrir hönd yfir 3800 foreldra og stuðningsaðila




Halla Kristjánsdóttir
kt. 161292-2309




Guðrún Helga Guðmundsdóttir
kt. 170192-2149



H. Rut Jónsdóttir
kt. 150678-4209



Júlía Oddsdóttir
kt. 180896-2449



Sigurrós Eir Guðmundsdóttir
kt. 250793-3329